

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Tillaga um skipan svæðisskipulagsnefndar fyrir svæðisskipulag nýu sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Erindi þetta er sett fram á grundvelli ályktunar málþings um svæðisskipulag á Vestfjörðum haldið 18. apríl 2017 á Ísafirði. Til þingsins var boðað á grundvelli samþykktar samráðsvettvangs sveitarfélaga á Vestfjörðum sem haldinn var á Hólmavík, 25. janúar 2017. Á málþingið voru boðaðir fulltrúar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Málþingið ályktaði að FV sendi erindi á hin nýu sveitarfélög á Vestfjörðum. Í erindinu verði óskað eftir að sveitarstjórnir taki til afgreiðslu tillögu um aðild að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði, með yfirskriftinni „Atvinnumál vaxtargreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd“.

Til grundvallar þessara ályktunar var lagt fram meðfylgjandi minnisblað dags. 11. apríl 2017 „Svæðisskipulag fyrir Vestfirði. Ákvörðun sveitarfélaga“. Minnisblaðið var unnið af ráðgjöfum Fjórðungssambandsins í verkefninu þ.e. Verkís og Efla verkfræðistofa.

Minnisblaðið dregur saman þá vinnu sem unnin hefur verið á síðustu tveim árum og sem skilað var með greinargerð „Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum“ (lokaútgáfa – október 2016 með viðauka). En að auki er gerð tillaga í minnisblaðinu um næstu skref í verkefninu,

1. Sveitarfélögin taka þetta minnisblað fyrir og ákveða hvort þau vilji taka þátt í svæðisskipulags-vinnunni. Sveitarfélög sem ákveða að taka þátt í vinnunni tilnefna jafnframt tvo fulltrúa til að sitja í svæðisskipulagsnefnd.
2. Að lokinni afgreiðslu sveitarstjórna mun Fjórðungssambandið taka saman yfirlit yfir stöðu mála og senda sveitarfélögunum.
3. Formleg vinna við svæðisskipulag hefst í samvinnu við ráðgjafa og Skipulagsstofnun, m.a. með stofnun svæðisskipulagsnefndar og mótun starfsreglna hennar.

Á grundvelli þess sem hér að ofan greinir, leitar Fjórðungssamband Vestfirðinga eftir þátttöku Ísafjarðarbæjar í gerð svæðisskipulags nýu sveitarfélaga á Vestfjörðum; Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð með yfirskriftinni „Atvinnumál vaxtargreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd“. Bæjarstjórn skipi samhlið tvo aðalfulltrúa og tvo til vara í svæðisskipulagsnefnd.

Ísafirði 21. apríl 2017

Fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

Meðfylgjandi þessu erindi;

- minnisblað dags. 11. apríl 2017 „Svæðisskipulag fyrir Vestfirði. Ákvörðun sveitarfélaga“. Minnisblaðið var unnið af ráðgjöfum Fjórðungssambands Vestfirðinga þ.e. Verkís og Efla verkfræðistofa.
- Greinargerð Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Lokaútgáfa október 2016 með viðauka.

Viðauki;

- Ferill verkefnisins.

Viðauki.

Ferill verkefnisins Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.

- júní 2015. Stjórn FV gerir að tillögu að áhersluverkefni innan Sóknaráætlunar Vestfjarða „Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum“.
- ágúst 2015. Tillagan um áhersluverkefni samþykkt af stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál í ágúst 2015 og hafin undirbúningur að verkefninu.
- desember 2015. Samið við Teiknistofuna Eik og Eflu Verkfræðistofu um ráðgjöf við verkefnið.
- janúar 2016. Óskað eftir tilnefningu sveitarfélaga í verkefnanefnd Stefnumörkunar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Gegnumsláttur 2019. Einn aðalfulltrúi og einn til vara.
- janúar – apríl 2016. Fundir með hagsmunaaðilum, fundur með verkefnanefnd og vinna að greinargerð.
- 28. apríl 2016. Verkefnanefnd ræðir drög að greinargerð og samþykkir að vísa tillögu til 61. Fjórðungsþings Vestfirðinga um gerð svæðisáætlunar á grunni draga að greinargerð. .
„Í ljósi fyrirliggjandi gagna og greiningarvinnu, er [talið] að ákjósanlegt sé fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum að fara í stefnumótunarvinnu með gerð *svæðisáætlunar*“ .
Teknir verði fyrir eftirfarandi málaflokkar **Innviðir,orkumál,fiskeldi,strandsvæði, sjálfbærni, náttúruvernd og fjölmennig**. Tillaga þessa efnis ásamt greinargerð verði send sveitarfélögum á Vestfjörðum til umsagnar og lögð fram að nýju á málþingi FV sem haldið verður þann 2. september 2016 að Laugarhóli í Bjarnarfirði.
- 4. maí 2016. 61. Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkir á grundvelli tillögu verkefnanefndar, að senda drög að greinargerð „Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – Fyrsta skref“ til umsagnar sveitarfélaganna
- 24. maí 2016. Greinargerð send til umsagnar með fresti til 1. júlí (umsagnarfrestur síðan framlengdur til 14. júlí.)
- 9. og 10. september 2016. 1. Haustþing FV. Kynnt niðurstaða af umsögnum sveitarfélaga þar sem 7 sveitarfélög samþykkja eða gera ekki athugasemdir við efni greinargerðar og eitt sveitarfélag gerir tillögu að málefni svæðisáætlunar. Óskað er eftir forgangsröðun verkefna. Einnig kynnt framkvæmd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*. Eftir umræðu um málið er gerð eftirfarandi samþykkt „1. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 9. og 10. september 2016 samþykkir að vísa Stefnumörkin sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt þingskjali 5 aftur til stjórnar og starfsmanna til áframhaldandi vinnu. Stjórn og starfsmönnum verði í framhaldinu falið að halda vinnufundi með öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum.“
- Október 2016 – janúar 2017. Fundir með öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum þar sem rædd er forgangsröðun verkefna og aðferðarfræði þ.e. svæðisáætlun eða svæðisskipulag.
- 25. janúar 2017. Fundur samráðsvettvangs sveitarfélaga. Kynnt niðurstaða funda með sveitarfélögum þess efnis sveitarfélögin hafa áhuga á að fara í svæðisskipulag. Viðfangsefni svæðisskipulags ætti að vera „Atvinnumál vaxtagreina með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd.“ FV falið að yfirfara texta greinargerðar m.t.t. málfars og framsetningar og fá kynningu á vinnu við gerð svæðisskipulags og að lokum var FV falið að senda erindi á sveitarfélögin um stofnun svæðisskipulagsnefndar.
- 18. apríl 2017. Málþing um svæðisskipulag fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum. Kynning á framkvæmd svæðisskipulags í öðrum landshlutum. Kynning á framsetningu tillögu að gerð svæðisskipulags. Málþingið ályktar að senda beri tillögu um gerð svæðisskipulags hinna níu sveitarfélaga á Vestfjörðum.